

**Fundur haldinn í fræðslunefnd Húnavatnshrepps  
að Húnavöllum 28. september 2009**

Fundur settur af formanni. Mæting skv. undirskriftum. Á dagskrá eru málefni leikskólans, m.a. skóladagatal. Á seinni hluta fundarins verða málefni grunnskólans til umræðu, m.a. sjálfsmatsskýrsla. Jens sveitarstjóri situr fundinn.

**Málefni leikskóla:**

Jóhanna leikskólastjóri og Inga deildarstjóri boðnar velkomnar á fund. Jóhanna kynnti skóladagatal fyrir leikskólann. Jóhanna sagði frá haustþingi sem haldið var á Hvammstanga síðastliðinn föstudag. Mikil ánægja með fyrirlestra þar hjá Þórkötlu Aðalsteinsdóttur sálfræðingi. Það eru 13 börn í leikskólanum núna og 3 starfsmenn. Samstarf er að byrja með elsta árgang í leikskólunum á Blönduósi og Vallarbóli í sundi og fleiru. Nú fara börnin á Vallabóli tvískipt í sund, yngri og eldri, 1x í viku. Útbúin hefur verið foreldrahandbók. Unnið er að gerð viðbragðsáætlunar vegna H1N1. Fram kom að 6 börn nota skólabíla í leikskólann. Foreldrafundur verður haldinn í leikskólanum á morgun. Frágangi hefur ekki verið lokið á leikskólalóðinni en það á að klárast í september. Áhalda- og leikhús er væntanlegt. Inga nefndi að það vanti eitthvað til að klifra í á lóðinni. Einnig kom fram að leiktækin eru mjög smá, henta fyrir yngsta hópinn.

Fræðslunefnd samþykkir skóladagatal fyrir sitt leyti. Fræðslunefnd beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að gengið verði frá hellulögn á stígum og lagningu gúmmímottna (grasmottur) á þá staði sem þörf er á á lóð leikskólans sem fyrst. Leikskólastjóra er falið að kanna þörf á opnunartíma Vallabóls yfir jól og áramót. Jóhanna og Inga véku af fundi eftir lestur fundargerðar.

**Málefni grunnskóla:**

Þorkell skólastjóri og Þórunn kennari boðin velkomin.

Þorkell deildi út og kynnti sjálfsmatsskýrslu sem lokið var við í júní 2009.

Sjálfsmatsaðferðir skólans verða teknar út núna í haust ásamt 39 öðrum skólum af hálfu Háskólans á Akureyri. Umræður urðu um skýrsluna.

Varðandi erindi stjórnar Foreldrafélagsins frá því í sumar vill skólastjóri taka fram að talkennsla er á vegum Skólaþjónustunnar. Þorkell sagði frá því að Gréta sérkennari fer í gang með ákveðið ferli ef grunur er um að lesblinda sé til staðar. Varðandi valgreinar í 8.-10. bekk minnir Þorkell á myndlistaþemavikur sem eru annað hvert ár, danskennsla á hverju ári. Þetta er fyrir alla nemendur. Bókfærsla er kennd í 10. bekk. Einnig er leiklistarkennsla fyrir árshátíð fyrir 8.-10. Bekk. Vegna fámennis er mjög dýrt að bjóða upp á valgreinar.

Rætt var um skipulag mótuneytismála og skólaaksturs og aðkomu fræðslunefndar að þessum málaflokkum. Ekkert samráð hefur verið haft varðandi breytingar og ákvarðanir um þessi mál.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið.

*Þóra Sverrisdóttir (sign)*

*Ægir Sigurgeirsson (sign)*

*Eline Schrijver (sign)*

*Þórunn Ragnarsdóttir (sign)*

*Þorkell Ingimarsson (sign)*

*Pétur Pétursson (sign)*

*Kristín Rós Sigurðardóttir (sign)*